

FYLGISKJAL NR. 1021

DAGS 20.04.2004

SAMANTEKT:

111. fundur skipulags- og bygginganefndar (Haraldur Sverrisson, Erlendur Fjelsted, Pétur Fenger, Eyjólfur Árni Rafnsson, Ólafur Gunnarsson – Ásbjörn Þorvarðarson byggingafulltrúi og Tryggvi Jónsson byggingaverkfræðingur sátu fundinn - Fundargerð ritaði Tryggvi Jónsson).

1. mál á dagskrá varðaði deiliskipulag lands Hamrafells. Kynnt var tillaga Landslags að deiliskipulagi, dags. 19.04.2004. Nefndin lagði til að í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingalaga.

Haraldur Sverrisson sat ekki fundinn í þessu máli.

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 111
Dags. 20. Apríl 2004

111. fundur

**skipulags- og byggingarnefndar
var haldinn í fundarsalnum
á 4. hæð að Þverholti 2, þriðjudagir
20. apríl 2004 og hófst hann kl. 7:3**

(17)

Fundinn sátu: Haraldur Sverrisson, Erlendur Fjeldsted, Pétur Fenger, Ólafur Gunnarsson, Ásbjörn Þorvarðarson byggingafullt bæjarverkfræðingur.

Fundargerð ritaði: Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

Dagskrá :

1. mál: **Deiliskipulag lands Hamrafells.**

Kynnt verður tillaga Landslags að deiliskipulagi, dags. 19.04.2004 fyrir land Hamrafells.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði kynnt i samræmi við 25 gr. skipulags- og byggingarlaga.

Haraldur Sverrisson sat ekki fundinn í þessu máli.

2. mál: **Krókatjörn – frístundarlóð.**

Erindi frá Einari Ingimarssyni, þar sem óskað er eftir því að fá að byggja sumarhús nær vatni en 50 m.

Nefndin felur umhverfisdeild að vinna frekar í málín.

3. mál: **Vesturlandsvegur frá Þingvallavegi að Kollafirði.**

Kynning á vinnu við mislæg gatnamót.

Bæjarverkfræðingur kynnti vinnu við hugmyndir um framtíðargatnamót á veginum frá Þingvallavegi og í Kollafjörð.

4. mál: **Breyting á deiliskipulagi Svöluhöfða 24.**

Tillaga að deiliskipulagi unnin af Sæmundi Eiríkssyni, dags. mars 2004, teikning nr. S 001.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði kynnt í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

5. mál: **Deiliskipulag frístundarsvæðis við Heytjörn úr Miðdalslandi.**

Tillaga að deiliskipulagi unnin af Guðrúnu Jónsdóttur, dags apríl 2004. Nefndin hafði verið jákvæð fyrir erindinu á 107. fundu.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði kynnt í samræmi við 25 gr. skipulags- og byggingarlaga.

6. mál: **Vegvisun við þéttbýli.**

Tillaga um merkingu á Mosfellsbæ við þjóðvegi.
Þorsteinn Sigvaldason deildarstjóri tæknideildar kynnti tillögur sem lagðar hafa verið fram í nefnd sem er að skoða vegvísa við þjóðvegi.

Nefndin er jákvæð fyrir þeim tillögum sem lagðar hafa verið fram og felur deildastjóra tæknideildar að vinna frekar að málinu. Nefndin telur að staðsetningu skilta við gatnmót þurfi að lagfæra þar sem þau séu víðast hvar of nærrí gatnmótum með tilliti til upplýsingargildi og sjónlengda.

7. mál: Frístundarbyggð við Selvatn úr Miðdalslandi, þjóðskr. nr. 9400-0092.

Tillaga að deiliskipulagi unnin af Friðriki Ólafssyni.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði kynnt í samræmi við 25 gr. skipulags- og byggingarlaga.

8. mál: Víðiteigur 26.

Erindi frá Jóhanni Sigurjónssyni, dags 15.apríl, þar sem óskað er heimildar til að byggja sólstofu.

Nefndin felur byggingarfulltrúa vinna að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

9. mál: 66. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa.

Lagt fram.

10. mál: Önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09.05.